

70. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 25. maí 2009, kl. 17:15.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál
 2. Atvinnumál
 3. Erindi frá Davíð Sigurðssyni dags. 11. maí 2009
 4. Erindi frá Blöndubbyggð dags. 15. maí 2009
 5. Erindi frá SÁÁ
 6. Erindi frá Leið ehf. dags. 6. maí 2009
 7. Umsagnir á grundvelli laga um veitinga- og gististaði
 8. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Húsnæðismál

Skúlabraut 41 er laus úr leigu frá og með 1. júní 2009.

Bæjarráð samþykkir að setja fasteignina í sölumeðferð.

2. Atvinnumál

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu atvinnumála á Blönduósi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til kr. 750.000 til uppbyggingar á rafmagni við tjaldsvæði í Brautarhvammi. Umrædd upphæð er á fjárhagsætlun vegna atvinnumála.

3. Erindi frá Davíð Sigurðssyni dags. 11. maí 2009

Óskað er eftir afslætti á fasteignagjöldum.

Bæjarráð vísar til Reglna um afslátt af fasteignaskatti fyrir árið 2009 sem í gildi eru. Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu.

4. Erindi frá Blöndubbyggð dags. 15. maí 2009

Blöndubbyggð ehf. segir upp samningi við Blönduósbæ vegna húsnæðis við Húnabraut 2.

Umræður urðu um málið. Bæjarstjóra falið að skoða málið frekar.

5. Erindi frá SÁÁ

Óskað er eftir styrk frá Blönduósbæ.

Bæjarráð hafnar erindinu.

6. Erindi frá Leið ehf. dags. 6. maí 2009

Leið ehf. óskar eftir því að gert verði ráð fyrir Svínvatnsleið í aðalskipulagi Blönduóssbæjar sem nú er í vinnslu.

Bæjarráð hafnar erindinu og telur að umrædd leið sé á engan hátt forgangsverkefni við þær aðstæður sem nú eru uppi. Bæjarráð fullyrðir að mörg brýnni samgöngumál séu til staðar bæði innan héraðsins sem og á landsvísu.

Lagt fram til kynningar

7. Umsagnir á grundvelli laga um veitinga- og gististaði

- a) Sólborg Þórarinsdóttir, kt. 0802583-5679, Hlíðarbraut 4, 540 Blönduósi sækir um endurnýjun á leyfi til að reka veisluþjónustu að Hlíðarbraut 4, Blönduósi.**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

- b) Björn Þór Kristjánsson, kt. 030563-5149, Húnsstöðum 2, 541 Blönduósi, f.h. Blöndubýggðar ehf. kt. 530307-0420, sækir um leyfi til að reka félagsheimili ásamt veitingum og áfengisveitingum að Húnabraut 6, Blönduósi.**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

- c) Jóna Fanney Friðriksdóttir, kt. 170863-2249, Aðalgötu 21, 540 Blönduósi, f.h. 4 Átta ehf. kt. 610604-2770 sækir um leyfi til að reka gistiheimili í sumar- og íbúðarhúsi að Hnjúkahlíð, 541 Blönduósi.**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

- d) Ómar Jóhannsson, kt. 200960-5059, Steinahlíð 7, 221 Hafnarfirði, f.h. N1 hf. kt. 540206-2010, sækir um endurnýjun á leyfi til að reka veitingastofu/greiðasölu í N1 skálanum á Blönduósi í flokk II yfir veitingastaði.**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

- e) Þórir Jóhannsson, kt. 231241-3539, Urðarbraut 1, 540 Blönduósi, f.h. félags harminokkuunnenda í Húnavatnssýslu kt. 440105-2540 sækir um endurnýjun á leyfi til að reka samkomusal í flokki I yfir veitingastaði.**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

8. Önnur mál

1. Snjómokstur

Bæjarráð leggur áherslu á að forval vegna snjómokstursfari fram sem fyrst. Tæknideild falið að vinna að málinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:00

Arnar Þór Sævarsson(sign.)

*Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)
Kári Kárason(sign.)*